

upp á samkvæmt umburðarbrjefi mínu frá 19. septbr. 1877, og sem lagðir hafa verið fyrir alþingi. **101**  
22. júní.

Enn fremur vil jeg mælast til þess af yður, herra amtmaður, að þjer leggið ríkt á við umboðsmennina að fylgja nákvæmlega fyrirskipun þeirri, sem gefin er undir 7. tölulið í brjefi ráðgjafans, viðvíkjandi umsjón þeirra með hinum einstöku umboðsjörðum, og einkum að þeir komi minnst einu sinni á ári á hverja jörð, sem tilheyrir umboði þeirra, og senda um það skýrslu til yðar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Samkvæmt þessum skýrslum ber yður, herra amtmaður, þar á eptir að senda hingað í marzmánuði ár hvert aðalskýrslu um eptirlit umboðsmanna hið liðna ár með hinum einstöku jörðum, og látið þjer fylgja þar með þær skýrslur umboðsmanna, er álita má, að gætu haft þýðingu fyrir landsstjórnina.

Með tilliti til niðurlagsatriðisins í brjefi ráðgjafans er hjer með ákveðið, að hin fyrverandi spítalaeign Hörgsland skuli frá 1. jan. 1881 fylgja Kirkjubæjar- Flögu- og Þykkvabæjar klaustursumboði, og að hin fyrverandi spítalajörð Hallbjarnareyri leggjzt undir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð frá sama tíma, sem og að hin fyrverandi spítalaeign Möðrufell leggjzt undir Munkaþverárklaustursumboð, þegar hinn núverandi umboðsmaður Möðrufells sleppir umboði sínu.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um reglugjörð fyrir hreppstjóra.* — Að fengnu álití amtsráðanna samkvæmt 52. gr. tilskipunar um sveitastjórn frá 4. maí 1872 hefi jeg 29. apríl þ. á. gefið út reglugjörð þá fyrir hreppstjóra, sem prentuð er í stjórnartíðindum þ. á. B. 68., og sendi jeg yður, herra amtmaður, nokkur sjerstaklega prentuð exemplör af reglugjörðinni til útbýtingar milli hreppstjóra í umdæmi yðar, og eruð þjer beðnir að leggja fyrir sýslumenn, að leiðbeina hver í sínu hjeraði hreppstjórum til ítarlegs skilnings á reglugjörðinni, og með tilliti til framkvæmdar á embættisverkum þeim, er kunna að koma fyrir hreppstjóra. **102**  
22. júní.

Helztu nýmælin í reglugjörðinni eru fyrirskipanirnar í 40. og 41. gr. reglugjörðarinnar um sambandið milli tíundarframtals og búnaðarskýrslanna og um nýja fyrirmynd fyrir þessum skýrslum. Breyting þessi ætlast jeg til, að nái gildi í fardögum 1881, og munu yður verða send eyðublöð undir skýrslurnar fyrir þann tíma.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um heimildarlausan flutning á sveitarómaga og endurgjald á sveitarstyrk.* — Vorið 1862 fluttist Úlfheiður Magnúsdóttir með bónda sínum úr Bøjarhreppi í Skaptafellssýslu, þar sem þau þá voru sveitlæg, austur í Fáskrúðsfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu. Árið 1867 dó bóndi hennar, og skrifaði hreppstjórninn í Fáskrúðsfjarðarhreppi 20. desbr. 1869 Bøjarhreppi, að ekkjan væri orðin ómagi að öllu leyti, og haustið þar á eptir var hún, eptir að Bøjarhreppur hafði játað hana sveitlæga þar, flutt með vegabrjefi sýslumannsins í Suðurmúlasýslu frá 19. september 1870 til Bøjarhrepps. En hreppstjórnirnar í Bøjarhreppi fluttu hana þegar aptur austur, og var hún eptir það á vegum sonar síns í Fáskrúðsfjarðarhreppi, þangað til hann drukknaði 21. júlí 1873. Hreppsnefndin í Fáskrúðsfjarðarhreppi varð nú að taka hana til fullkominnar framferslu, og ritaði síðan sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu 16. nóvbr. 1874 sýslumanninum í Skaptafellssýslu um að útvega viðurkenning hreppsnefndarinnar í Bøjar- **103**  
26. júní.